

1866.

15. febrúar.

ályktun þeirri, er bæjarstjórnin hefir gjört um þetta, samkvæmt skilyrði því, er byggingarnefndin hafði sett, hefir Jónas Jónassen, verzlunarfulltrúi, farið þess á leit í bænarskrá, er hingað barst með bréfi yðar, að málefni þessu væri skotið til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að dómsmálastjórninni finnst ekki vera ástæða til að breyta úrskurði þeim, er þér, herra stiptamtmaður, hafði lagt á málið, en þér eruð beðnir um að stuðla til, að fyrirkomulag það, er bæjarstjórnin hefir vikið á, komist á sem fyrst.

16. febrúar. **13. Lög um, hvernig reikna skuli eptirlaun Helga G. Thordersens, biskups yfir Íslandi.**

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Launaviðbót sú, 800 rdl. að upphæð, sem Helga G. Thordersen, biskupi yfir Íslandi, riddara dannebrogssorðunnar og dannebrogsmanni, ber samkvæmt 1. grein staflíð B í lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skal tekin til greina sem launaviðbót, er veitt hafi verið honum sjálfum, þá er hann fer frá embættinu og reiknuð verða út eptirlaun þau, sem honum bera.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn

16. dag febrúarmánaður 1866.

16. febrúar. **14. Lög um, að endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli skotið á frest.**

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: